

Hvalfjarðarsveit
Bogi Kristinsson Magnusen
Innrimel 3, Melahverfi
301Akranes

Reykjavík 7. febrúar 2020
UST202001-426/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir Furugerði í landi Stóra-Botns í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Furugerði í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er hluti af landi Stóra-Botns og er um 9 ha. að stærð og fyrirhugað er að byggja fjögur frístundarhús ásamt fylgihúsi innan hvernar lóðar en tvö hús eru þegar byggð.

Birki

Í greinargerð kemur fram að landið er hæðótt með gróna mela, móa og holt með birki, ösp og barrskógi og hallar til suðvesturs og vesturs.

Í greinargerð aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar kemur fram að tryggja þarf að röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða verði haldið í lágmarki á svæðum sem eru á náttúruminjasrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.

Umhverfisstofnun bendir á að birkið á skipulagssvæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um birkið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask birkisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Þetta á við allar framkvæmdir, vegi, byggingar, bílastæði

fráveitu, lagnir o.frv. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birki þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð kemur fram að nú þegar hafa orðið framkvæmdir á svæðinu.


Stofnunin bendir á að skytt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruframbærni sem verða fyrir röskun.


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur